

Alþingi
Erindi nr. P/130/782
komudagur 20.1.2004

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum 16. janúar 2004

**Umsögn um frumvarp til laga
um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.
þskjal 415 - 341.mál.**

Heilbrigðisstofnun Austurlands þakkar fyrir að fá til umsagnar ofangeint frumvarp.

Stjórn lækna ráð stofnunarinnar hefur fjallað um frumvarpið og gert við þær
eftirfarandi athugasemdir:

*Í meginatriðum sýnist efni frumvarpsins jákvætt og í samræmi við þau markmið (með
frumvarpinu) að ljúka lagfæringum á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og
lögum um félagslega þjómustu nr. 118/1993, sem og til samræmingar við þær
breytingar sem orðið hafa á skipuriti Tryggingastofnunar ríkisins.*

*Ástæða er til að taka sérstaklega undir þau ákvæði, sem færa hversdagslega umsýslu
(og vald) frá ráðherra inn í Tryggingastofnun sjálfa. Hér er einkum átt við tvennt;
annars vegar að í stað þess að tryggingayfirlæknir sé ráðinn af ráðherra, verði það
forstöðumaður Tryggingastofnunar, sem ræður hann. Hins vegar ákvæði um að fella
niður ráðherraskipaða nefnd (siglinganefnd) og að Tryggingastofnun taki við
hlutverki hennar.*

*Sú breyting á orðalagi, að Tryggingastofnun skuli meta örorku, en ekki verði tiltekið
að það skuli gert af tryggingayfirlækni er eðlileg, enda kemur fram í athugasemdum
við frumvarpið, að matið verði áfram framkvæmt af læknum.*

*Í frumvarpinu er víða lagt til að Tryggingastofnun fari með það hlutverk sem
tryggingaráð hafði. Því er æskilegt að sú endurskoðun heilbrigðis- og
tryggingamálaráðherra á hlutverki tryggingaráðs, sem um er getið í gögnum með
frumvarpinu, fari fram samhliða umræðu um frumvarpið á Alþingi og ljúki helst um
líkt leyti og það verður að lögum ef svo fer.*

Framkvæmdastjórn HSA vill gera þetta álit að sínu.

Virðingarfyllst.


Stefán Þórarinnsson

Stefán Þórarinnsson, lækningaforstjóri HSA
Heilsugæslustöðin Egilsstöðum, 700 Egilsstaðir / Strandgata 31, 735 Eskifjörður
Sími: 471-1400 / 892-3095 ; símbref: 471-1971 ; netfang: stefanth@hsa.is

Læknaráð HSA
Læknaráð Heilbrigðisstofnunar Austurlands

Stefán Þórarinnsson lækningaforstjóri
Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Efni: Umsögn stjórnar læknaráðs HSA um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.


Í meginatriðum sýnist efni frumvarpsins jákvætt og í samræmi við þau markmið (með frumvarpinu) að ljúka lagfæringum á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og lögum um félagslega þjónustu nr. 118/1993, sem og til samræmingar við þær breytingar sem orðið hafa á skipuriti Tryggingastofnunar ríkisins.

Ástæða er til að taka sérstaklega undir þau ákvæði, sem færa hversdagslega umsýslu (og vald) frá ráðherra inn í Tryggingastofnun sjálfa. Hér er einkum átt við tvennt; annars vegar að i stað þess að tryggingayfirlæknir sé ráðinn af ráðherra, verði það forstöðumaður Tryggingastofnunar, sem ræður hann. Hins vegar ákvæði um að fella niður ráðherraskipaða nefnd (siglinganefnd) og að Tryggingastofnun taki við hlutverki hennar.

Sú breyting á orðalagi, að Tryggingastofnun skuli meta örorku, en ekki verði tiltekið að það skuli gert af tryggingayfirlækni er eðlileg, enda kemur fram í athugasemdum við frumvarpið, að matið verði áfram framkvæmt af læknum.

Í frumvarpinu er víða lagt til að Tryggingastofnun fari með það hlutverk sem tryggingaráð hafði. Því er æskilegt að sú endurskoðun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á hlutverki tryggingaráðs, sem um er getið í gögnum með frumvarpinu, fari fram samhliða umræðu um frumvarpið á Alþingi og ljúki helst um líkt leyti og það verður að lögum ef svo fer.

Fh. stjórnar læknaráðs,


Pétur Heimisson formaður

Afrit: Læknar sem sæti eiga í læknaráði HSA.